


Afstöðumynd 1:500

**BYGGINGARLÝSING**

Húsið á lóðinni Miðhella 2 er atvinnuhúsnæði ætlað fyrir ýmsa atvinnustarfsemi svo sem verslun, þjónusta og léttur iðnaður.
Húsið sem byggt verður með stálgrind og klætt með vottuðum léttum útveggja og þakeiningum er einnar hæðar hús með milligólfi að hluta.
Húsið er skipt upp í 4 eignarhluta þar sem gert er ráð fyrir salernum og starfsmannaaðstöðu á jarðhæð og skrifstofum á milligólfum.
Á lóð er gert ráð fyrir 57 bílastæðum og sorpgerðum fyrir sorpgáma.
Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Burðarvirki hússins er úr stáli. Útveggir eru úr 150mm samlokueiningum með málmklæðningu og steinullareinangrun. Þakplötur eru úr prófíljárni 200mm steinullareinangrun sem verin er með viðurkenndum þakdúk (T vörn) sem dybblað er niður. Milligólf er svo kallað multideck (prófíljárn með járnbentri steinsteypu). Sökklar og botnplata eru einangruð með 75 mm. plasteinangrun. Gluggar eru úr timbri og glerjaðir með tvöföldu K-gleri.
Léttir veggir sem aðskilja hvern eignarhluta eru úr léttu stáli sem klæddir eru 2x tvöföldu lagi af 13 mm. gifsplötum. Frárennslislagnir frá salernum og kaffistofum eru lagðar beint í jarðlagnakerfi hússins. Kólnunartölur skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar gr 180.3.
Varðandi óráðstafað iðnaðarhúsnæði, þá verður sótt um sérstaklega um nýtingu hvers rýmis. Fráveitukerfi verður aðgreint og mengunarútbúnaður verður settur í samráði við heilbrigðisnefnd.

**Brunavarnir**
Brunavarnalausnir eru gerðar af VSI, Öryggishönnun og ráðgjöf.

Brunasamstæður og brunahólf
Húsið skiptist í þrjár brunasamstæður, stærst u.þ.b. 520 m2.
Endabil mynda eina brunasamstæðu hvort um sig og tvö miðbil mynda eina brunasamstæðu.
Þak í brunasamstæðuskilum skal byggt upp þannig að það sé a.m.k. REI60, 60 sm sitt hvorum megin við brunasamstæðuveggi.
Miðbilin tvö skiptast í sitt hvort brunahólfið.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja og þakburðarvirkis verður a.m.k. R60.
Burðarvirki í brunasamstæðuveggjum verða a.m.k. R90.
Milligólf verða a.m.k. REI60.
Stigi upp á milligólf verður a.m.k. A-R30.

Klæðningar
Þak er byggt upp af trapisu, steinull og þakdúk.
Úveggir verða úr samlokueiningum með steinull.
Allar klæðningar (utan- og innanhúss) verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Þakklæðning verður a.m.k. í flokki T.

Flóttaleiðir
Alls staðar eru innan við 25 m í útgang.
Frá hverri verslun/skrifstofu verða tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá milligólfi í miðbilum verður björgunarop og fellistigi.
Frá milligólfi í endabilum verða tvö björgunarop og fellistigar við þau.

Reyklosun
Reykræsing verður um glugga og hurðir.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli verður sett upp í hverri verslun/skrifstofu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.
Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngu en auk þess vera á milligólfi.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í hverri verslun/skrifstofu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux í sölum og milligólfum.
Lýsing þarf að vera utanhúss við útidyr flóttaleiða.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.
21 FEB. 2007
Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*

**TÁKN**

| | |
|---|---|
| GN | = Gólfniðurfall |
| ÞN | = Þakniðurfall |
| LR | = Loftræsting |
| VLR | = Vélknúin loftræsting |
| PK | = Póstkassar |
| NL | = Neyðarljós |
| BO | = Björgunarop |
| R | = Reykskynjari |
| HSL | = Handslökkvitæki |
| ÚT ▶ | = Merktur útgangur |
| BO | = Fellistigi við björgunarop |
| 25 m. | = Brunaslanga |
| | = Stigleiðsla |
| | = Stigleiðsla út |
| | = Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis |
| | = Inntak |
| | = Bílastæði fyrir fatlaða |
| EI60, EI90, A-EI60, A-EI120, REI60, REI120, A-REIM120 | = Veggir og hæðaskil |
| E-CS30, EI-CS30, EI-CS60 | = Hurðir |
| E30 | = Gluggar |

**BREYTING**

| Breyting | Dagsetning | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|
| 1 | DD.MM.YY | XXX | XXX |
| X | | | |

19/2 '07

Fh 20.2.'07
HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

| Miðhella 2 | |
|---|---|
| blað | verkhluti |
| L101 | Afstöðumynd |
| L102 | Hæðarlega lóðar |
| L201 | Hæðarlega lóðar - útlit |
| A101 | Grunnmynd 1.hæð |
| A102 | Grunnmynd 2.hæð |
| A201 | Útlit |
| A301 | Snið S.1 og S.2 |
| A601 | Skráningartafla |

1:500 0 5 10 15 20 25 m

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Suðurlandsbraut 4a - 3.hæð . 108 Reykjavík . Ísland
S. 564.2255 . Fax. 544.4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

# Miðhella 2
## Hafnarfjörður
## Afstöðumynd

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verknúmer: | 06097AI | Verkefnastjóri: | YAI |
| Hönnun: | KR.YAI | Teiknað: | YAI |
| Yfirfarið: | YAI | Samþykkt: | Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669 |
| Mælikvarði: | 1:500 | Dagsetning: | 23.01.2007 |
| Skrá: | 06097AI-L101.dwg | Blað: | L101 |

Copyright © KRark